

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

83. fundur – haldinn 21.mars 2017 kl. 13:00

Einhleypingi 1, Fellabæ

Mætt: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Björn Ármann Ólafsson, Steingrímur Karlsson. Einar Kr. Haraldsson og Þórhallur Þorsteinsson boðuðu forföll. F.H. Vatnajökulsþjóðgarðs sat fundinn, Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri, Þórveig Jóhannsdóttir starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs: Ármann Höskuldsson, Guðrún Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Sigmundur Einarsson, Snorri Ingimarsson, Ásta Begga Ólafsdóttir, Óli Halldórsson, Vilhjálmur Vilhjálmsson,

Fundað með stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs

Formaður svæðisráðs fór yfir bókun svæðisráðs frá 81.fundi varðandi veghald í þjóðgarðinum. Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með Vegagerð ríkisins um veghald og þar kom fram að Vegagerð ríkisins sinnir F-vegum en telur slóða ekki falla undir sitt verksvið. Björn benti á að og vegir og slóðar hafa frá upphafi verið í stjórnunar- og verndaráætlun, sem hefur reglugerðarígildi og Vegagerðin gerði ekki ahugasemd við það fyrir samþykkt áætlunarinnar. Jóhann ræddi þá sátt sem gerð var við stofnun þjóðgarðsins þar sem skilgreindir voru nauðsynlegir vegaslóðar. Samvinna hefur verið við Fljótsdalshrepp um umsóknir í Styrkvegasjóð til viðgerðar á slóðum. Framkvæmdastjóra falið í samráði við þjóðgarðsvörð á austursvæði að afla upplýsinga um kostnað við viðgerð á slóðum við Snæfell. Í framhaldi er því vísað til framkvæmdastjóra að vinna að því í samráði við Vegagerð ríkisins að koma veghaldi innan þjóðgarðs í farveg.

Björn Ármann ræddi mikilvægi þess að efla landvörslu í þjóðgarðinum nú þegar umferð og álag hefur aukist mjög mikið vegna vaxandi fjölda ferðamanna og lengingu ferðamannatímans.

*Fundi slitið 13:50
Ritari Ruth*